

Fundargerð

178. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 15. desember 2015 í Mývatnssveit.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar og samþykkt og undirrituð.**
2. **Ólögmet framleiðsla og sala á hættulegri klórlausn með fyrirheitum um lækningamátt; aðkoma Lyfjastofnunar, heilbrigðiseftirlits og aðgerðir lögreglu.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá ábendingu sem barst til Lyfjastofnunar og þaðan til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sem óskaði síðan eftir því að lögregla rannasakaði málið og legði hald á hráefni, búnað og framleiðsluafurðir. Landlæknisembættið hefur áður haft forgöngu um að vara við neyslu slíkra klórlausna; þar sem um er að ræða heilsuspillandi og hættulega vöru. Lögregla gerði húsleit hjá viðkomandi og lagði hald á umræddan búnað, hráefni og vöru og málið er í ferli hjá lögreglu.

3. **Beiðni Landsvirkjunar um leyfi fyrir efnanotkun í tilraun er miðast að því að draga úr útfellingu brennisteins í þróum kæliturena Kröflustöðvar.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti tilraunaverkefni Landsvirkjunar sem er ætlað að koma í veg fyrir brennisteinsútfellingar í þróum kæliturena Kröflustöðvar og létta þannig álagi í viðtaka. Um er að ræða tilraun til þriggja mánaða og verða niðurstöður tilraunarinnar kynntar fyrir heilbrigðisnefnd og málið tekið til umfjöllunar.

4. **Kæra vegna útgáfu starfsleyfis til Græneggja ehf, stutt yfirlit.**

Málið lagt fram til stuttrar kynningar og verður tekið til umfjöllunar þegar lyktir málsins liggja fyrir; bæjarlögmaður Akureyrarbæjar og María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi hafa unnið andsvar vegna málsins.

Umsagnir:

1. **Tillaga að matsáætlun vegna áforma um Sprengisandslínu.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti tillögu að matsáætlun; málið kemur aftur til umfjöllunar í heilbrigðisnefnd þegar umhverfismat liggur fyrir.

2. **Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar og breyting á aðalskipulagi, umsögn heilbrigðisfulltrúa og erindi frá skipulags- og byggingafrulltrúa.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi las upp svar skipulags- og byggingafrulltrúa vegna fyrri bókunar heilbrigðisnefndar vegna þessa máls.

Í svarinu kemur fram að lögð verði áhersla á vandaða hönnun og efnisval 3. hæða byggingar og þá er tekið undir mikilvægi þess að vanda vel til fráveitu og hreinsivirkja vegna fyrirhugaðrar hótél byggingar.

3. Umsögn HNE varðandi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skútustaðahreppi og gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

Heilbrigðisnefnd er samþykkt gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald að því uppfylltu að samþykkt Skútustaðahrepps um hunda- og kattahald sé í gildi.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Norðlenska matborðið ehf, kt. 500599-2789, Akureyri. Brennslustöð. **Lagt fram til kynningar og afgreiðslu frestað.**
2. Norðlenska matborðið ehf, kt. 500599-2789, Húsavík. Brennslustöð. **Lagt fram til kynningar og afgreiðslu frestað.**
3. Menico ehf, kt. 510510-1270, Knarrarbergi, 601 Akureyri, vegna Knarrarbergs-yoga og spa. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Ása Karen Guðmundsdóttir kt. 210778-4549, Vestursíðu 6a, vegna hársnyrtistofunnar Spectra, Hrísalundi 5, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
5. Janey ehf, kt. 511114-4120, Strandgötu 9, 600 Akureyri, vegna hársnyrtistofunnar Zone. **Samþykkt.**
6. Fjóla Kristín Hólm Jóhannesdóttur kt. 030180-5859, Dagverðareyri 2, 601 Akureyri, vegna JógaLind, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. Langabúr ehf, kt. 461115-0200, Gránufélagsgötu 4, 600 Akureyri. Matvöruverslun. **Samþykkt.**
8. R 353 ehf, kt. 510412-0360, Ráðhústorgi 3, 600 Akureyri. Krá undir nafninu R5 microbar. **Samþykkt.**
9. B&B Sólheimar 9 ehf, kt. 540115-3450, Sólheimum 9, 601 Akureyri. Heimagisting. **Samþykkt.**
10. Akureyri Downtown Apartments ehf, kt. 201508-0038, Laxagötu 6, 600 Akureyri. Útleiga á íbúð. **Samþykkt.**
11. Eyþór Árni Sigurðsson kt. 040182-2929, Þórunnarstræti 83, 600 Akureyri. Útleiga á íbúð. **Samþykkt.**
12. Arctic Travel ehf, kt. 490103-2520, Þverá, Eyjafjarðarsveit. Útleiga á sumarhúsi. **Samþykkt.**
13. Húsastóll ehf, kt. 640300-3450, Hamratúni 22, íbúð 202, 600 Akureyri. Útleiga á íbúð. **Samþykkt.**
14. Eitt hótél ehf, kt. 660214-0970, Þingvallastræti 4, 600 Akureyri. Útleiga á íbúð. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Eldri starfsleyfi heilbrigðisnefndar: Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því að Matvælastofnun áformar að gefa út ný starfsleyfi frá og með n.k. áramótum vegna þeirra matvælafyrirtækja sem voru áður undir eftirliti og með starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. framsalssamningi; sjá bókun heilbrigðisnefndar undir 6. lið fundargerðar nr. 177. Matvælastofnun er komin vel á veg með vinnslu svokallaðra sveiganleikareglna vegna smærri matvælaframleiðenda. Holtsselsbúið ehf fær þannig nýtt starfsleyfi frá Matvælastofnun vegna ísgerðar frá og með áramótum og nýtt starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd vegna kaffihúss og matvöruverslunar.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

María Markúsdóttir

Jón Torfi Halldórsson